

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2342*  
*komudagur 10.5.2012*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2012

**Efni: umsögn um þskj. 1048 – 654. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007 (Miðstöð íslenskra bókmennta).**

Íslensk málnefnd hefur fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókmenntasjóð og fleira sem lagt var fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012. Farið hefur verið yfir frumvarpið og telur nefndin ekki ástæður til aðfinnslna.

a. (2. gr.)

Íslensk málnefnd vill láta í ljós ánægju sína með að Miðstöð íslenskra bókmennta skuli eiga að styrkja útgáfu íslenskra ritverka og útgáfu erlendra bókmennta á íslensku. Í íslenskri málstefnu, sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009 (bls. 81–83) og Íslensk málnefnd tók að sér að semja, var vakin athygli á þessu máli og einkum þeirri staðreynd að fáir rithöfundar helga sig skrifum fyrir börn þar sem þeir eiga erfitt með að lifa af tekjum af sölu barnabóka. Nú verður ef til vill breyting til batnaðar.

Virðingarfyllst,

f. h. Íslenskrar málnefndar,

Guðrún Kvaran  
formaður

